



Reykjavík, 09. desember 2025

USK25070021

### **Varðar: Vogabyggð svæði 3 – Breyting á skilmálum deiliskipulags**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á skilmálum deiliskipulags Vogabyggðar svæðis 3. Í breytingunni sem lögð er til felst að dýpt utanáliggjandi svala verði að hámarki 1,6m að uppfylltum skilyrðum, samkvæmt tillögu skipulagsfulltrúa, dags. 4. september 2025. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. nóvember 2025.

#### **Auglýsing deiliskipulagsbreytingar:**

Tillagan var í auglýsingu frá 9. október 2025 til og með 20. nóvember 2025. Eftirfarandi athugasemd barst:

1. Arnhildur Pálmadóttir, dags. 30.09.2025.

#### **Athugasemd er eftirfarandi:**

##### **1. Arnhildur Pálmadóttir**

Sæl, mig langaði að benda á eitt frá fundargerðinni varðandi Dugguvog 63. Þar stendur í tillögu að breyttum texta skilmála:

*1. Svalir nái að hámarki 1,6 m út frá húshlið.*

Það þarf að hafa í huga þarna að byggingarreglugerð gerir kröfu um að óhindruð dýpt svala sé 1,6 m. Við það getur bæst handrið/handlisti og því fjarlægð frá húsvegg mögulega aðeins lengri. Ég vildi bara benda á þetta, mögulega þyrfti að breyta orðalaginu.

##### **Svar:**

Ábending er réttmæt. Texta í skilmála verður breytt.

#### **Niðurstaða:**

Lagt er til að skilmálabreytingin verði samþykkt með eftirfarandi breytingum í lið 1:

Í stað textans „Svalir nái að hámarki 1,6m út frá húshlið“ komi textinn „Innanmál svala verði að hámarki 1,6m út frá húshlið“.

#### **F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík**

Sigríður Maack, arkitekt/verkefnastjóri



**Reykjavík**